

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-65/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðanda, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur sá er lýst er í álitsbeiðni er við Y og Z, en þeir aðilar voru yfirmatsmenn í máli álitsbeiðanda fyrir héraðsdómi Suðurlands. Telur álitsbeiðandi m.a. að matsmennirnir hafi skilað gallaðri yfirmatsgerð og ekki sagt rétt frá fyrir rétt. Því hafi þjónusta þeirra verið haldi galla.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila, þ.e. um kaup á ráðgjafþjónustu í tengslum við fasteign, getur í eðli sínu fallið undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup, sbr. 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laganna. Eins og hér er hins vegar háttað, óskar álitsbeiðandi eftir því að kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa taki afstöðu til yfirmatsgerðar – sem og vitnisburðar yfirmatsmanna – fyrir héraðsdómi og skeri þannig úr um hvort þjónusta þeirra, hafi verið haldin galla. Féllist kæruneftndin á þetta væri hún þar með að endurmeta að einhverju leyti niðurstöðu dómara í umræddu dómsmáli. Slíkt fellur utan við valdsvið kæruneftndarinnar, sbr. t.a.m. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kæruneftndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson